

43. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, 19.11 2012, Végarði kl. 13³⁰

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar til aukafundar. Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Rekstur Laugarfellsskála

2. Aðalskipulag

3. Fjármál

- a) Fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2013
- b) Fjárhagsáætlun Dvalarheimils aldraðra 2013
- c) Fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands 2013
- d) Fjárhagsáætlun Brunavarna á Austurlandi 2013
- e) Fjárhagsáætlun Brunavarna á Héraði 2013
- f) Fjárhagsáætlun Minjasafns Austurland 2013
- g) Fjárhagsáætlun HAUST 2013
- h) Önnur fjárhagsmálefni

4. Önnur mál

1. Rekstur Laugarfellsskála. Umsækjendur eru:

- a. Sigurður Sigurðsson og Áslaug Jóhannsdóttir
- b. Hjörtur E. Kjerúlf
- c. Bjarni Jóhannesson, Hildur Einarsdóttir, Páll Guðmundur Ásgeirsson og Sigrún Eva Grétarsdóttir.

Á grundvelli upplýsinga sem aflað hefur verið og fram koma í umsóknum umsækjenda og að teknu tilliti til tilboða í leigugjald, er ákveðið að ganga til samninga við hóp c.

2. Aðalskipulag. Sveitarstjórn samþykkir verkefni- og matslýsingu fyrir Aðalskipulag Fljótsdalshrepps 2014-2030. Sveitarstjórn samþykkir jafnframt að leitað verði umsagna hjá umsagnaraðilum og Skipulagsstofnun um lýsinguna og hún kynnt almenningi skv. 3. mgr skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Fjármál

- a) Fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2013. Samþykkt. Hlutur Fljótsdalshrepps verður kr. 40.5 millj.
- b) Fjárhagsáætlun Dvalarheimils aldraðra 2013. Samþykkt. Ekki er gert ráð fyrir fjárframlögum aðildarsveitarfélaga.
- c) Fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands 2013. Samþykkt. Framlög sveitarfélaganna hækka ekki milli ára, innbyrðis skipting fer eftir nemendafjölda. Hlutur Fljótsdalshrepps verður kr. 380 þús.

- d) Fjárhagsáætlun Brunavarna á Austurlandi 2013. Samþykkt. Framlög sveitarfélaganna hækka verulega , eða um 18,49%. Hluttur Fljótsdalshrepps verður kr. 2.6 millj.
- e) Fjárhagsáætlun Brunavarna á Héraði 2013. Samþykkt. Hluttur Fljótsdalshrepps er 12-13%, ca 420 þús. Endanlega skipting aðildarsveitarfélaga liggur ekki fyrir.
- f) Fjárhagsáætlun Minjasafns Austurland 2013. Samþykkt. Hluttur Fljótsdalshrepps verður kr. 915 þús.
- g) Fjárhagsáætlun HAUST 2013. Samþykkt. Hluttur Fljótsdalshrepps verður kr. 673 þús. Hluti gjalda HAUST sem sveitarfélög eru rukkuð um , eru endurgreidd af fyrirtækjum.

h) Önnur fjárhagsmálefni:

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2013 verði 13,20% (óbreytt milli ára)

Sveitastjórn samþykkir að álagningarprósenta fasteignaskatts 2013 , A- 0,40% B- 1,32% C- 1,65 % (óbreytt frá 2012)

Sveitarstjórn samþykkir að í gildi verði óbreyttar reglur um afslátt fasteignaskatts og gjalddagaregla óbreytt.

Sveitarstjórn samþykkir að rótþróa-og sorphirðugjöld verði óbreytt árið 2013

Sveitarstjórn samþykkir að á árinu 2013 verði áfram í gildi fyrri samþykkt um að Fljótsdalshreppur greiði leikskólagjöld fyrir börn úr sveitarfélaginu í leiksskólanum Skógarseli, Hallormsstað, þ.e. leikskólagjöld án fæðis-og foreldrafélagsgjalda.

Sveitarstjórn samþykkir að reglur um greiðslur frístundastyrki verði óbreyttar 2013.

Sveitarstjórn samþykkir að reglur um greiðslur styrkja til námsmanna verði óbreyttar 2013.

Sveitarstjórn samþykkir að óbreyttar reglur gildi um styrki til sauðfjárvótakaupa árið 2013.

Sveitarstjórn samþykkir að veita umhverfisstyrki á árinu 2013 samkvæmt sömu reglum og giltu um styrkina á árinu 2012.

Sveitarstjórn samþykkir að samningar við refaveiðimenn verði óbreyttir á árinu 2013, nema hvað varðar viðmið akstursgjalds sem tekur mið af ríkistaxta (sérstöku gjaldi) 01.01 2013

Sveitarstjórn samþykkir að launakjör sveitarstjórnar og nefnda taki breytingum hvað varðar launavísitölhækkun miðað við 01.01 2013 og aksturtaxti 2013 fylgi almennu km. gjaldi (ríkistaxta) 01.01 2013. Viðmið fyrir verktakavinnu á vegum sveitarfélagsins verður 3.500,- kr. klst, auk vsk þar sem það á við. Viðmið tímakaups 1.880,- kr.

Oddvita er falið að kynna samþykktar reglur fyrir íbúum í fréttabréfi og á heimasíðu sveitarfélagsins, þar sem það á við.

4. Önnur mál.

- a) Samþykkt að greiða kostnað Björgunarsveitar Héraðs við björgun fjár sem er í Jökulsárgili innan við Glúmsstaðasel.
- b) Samþykkt að greiða ferðakostnað dýralæknis vegna hundahreinsunar í Fljótsdal.
- c) Starfsmenn Orkuseturs verða á ferðinni hér í Fljótsdal dagana 28. og 29. og munu skoða íbúðarhús með tilliti til möguleika á orkusparnaði.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 16.³⁵

Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)